

## 1. Hvað er rafrænn reikningur

Ekki alls fyrir löngu voru allir reikningar prentaði á pappír og sendir með sniglapósti til móttakanda. Innan fárra ára mun slíkt heyra til undantekninga. Rafrænir reikningar eru mun **öruggari** og **ódýrari** leið til að senda og móttaka reikninga<sup>1</sup>. Einnig eru þeir umhverfisvænni og mun fljótlegri sendingarmáti. Af þessum sökum eru rafrænir reikningar að taka við pappírsreikningum.

Rafrænn reikningur fer sjálfkrafa og rafrænt beint úr sölukerfi Stólpa og er lesinn rafrænt inn í bókhaldskerfi móttakanda - þar sem hann bíður staðfestingar. Þannig sparar útgefandi reiknings sér vinnu og kostnað við að prenta reikning og senda hann í sniglapósti og móttakandi sparar sér vinnu við að skrá reikninginn handvirkt inn í bókhaldskerfi sitt. Villuhætta við innslátt móttakanda hverfur og kostnaður minnkar verulega fyrir bæði útgefanda og móttakanda reiknings.

Margir líta svo á að reikningur sem sendur er sem PDF viðhengi með tölvupósti sé rafrænn reikningur, enda sé hann sendur með rafrænum hætti. Móttakandi reiknings þarf hinsvegar að prenta út PDF reikninginn og handskrá hann inn. Þegar talað er um rafrænan reikning er því aðeins átt við um reikninga sem berast rafrænt úr einu bókhaldskerfi yfir í annað í gegnum viðurkennda skeytamiðlara.

Ríkið, helstu sveitarfélög og stærri fyrirtæki samþykkja ekki rafræna reikninga nema þeir berist í gegnum viðurkenndan skeytamiðlara. Er það til að tryggja öryggi og áreiðanleika reiknings. Að ekki sé hægt að eiga við innihald reiknings þegar hann fer frá sendanda til móttakanda.

## 2. Að senda rafrænan reikning úr Stólpa

Áður en fyrsti rafræni reikningurinn er sendur er æskilegt að fara yfir nokkur einföld atriði. Hér verður farið yfir helstu atriði rafrænna reikninga.

### 2.1. Skeytamiðlun

Rafrænir reikningar eru sendir sjálfkrafa úr Stólpa sem tölvulesanlegt skeyti í bókhaldskerfi móttakanda. Reikningurinn, eða skeytið, er sent í gegnum millilið sem kallast *skeytamiðlari*.

Skeytamiðlari	
Notandanafn:	ms_bafrænnun
Lykilorð:	*****

Skeytamiðlari sérhæfir sig í móttöku og afhendingu rafrænna reikninga. Hann tryggir að skeytið uppfylli allar formkröfur og að það komist til skila. Hlutverk skeytamiðlara er því ekki ólíkt því sem Pósturinn sér um fyrir sniglapóstinn, að taka við umslaginu, flokka og dreifa til móttakanda.

Skeytamiðlarar innheimta fast mánaðargjald fyrir tenginguna við bókhaldskerfið svo og fyrir hvern reikning og fyrir hvert viðhengi. Í viðauka hér að aftan má sjá verðskrá rafrænna reikninga.

<sup>1</sup> Rafrænir reikningar eru dýrari en sniglapósturinn ef fjöldi reikninga er innan við sex reikningar á mánuði. Um leið og fjöldi reikninga er kominn yfir þau mörk eru þeir ódýrari sendingamáti.

Þjónustuborð Stólpa veitir notendum aðstoð við að opna og setja upp aðgang/tengingu við skemtamiðlara. Þjónustuborð Stólpa aðstoðar einnig ef síðar verður þörf á aðstoð með sendingu eða móttöku rafrænna reikninga.


## 2.2. Stilla sendingarmáta reiknings

Í sölukerfinu er auðvelt að stýra sendingarmáta reikninga, óháð því hvort reikningar eru prentaðir á gamla mátann, sendir sem PDF viðhengi í tölvupósti eða sem rafrænn reikningur. Óháð því hvaða sendingarmáti er valinn sem sjálfgefinn sendingarmáti eru yfirleitt nokkrir viðskiptamenn sem vilja fá reikninginn með öðrum hætti. Auðvelt að stilla þetta í Stólpa:

- **Sjálfgefinn sendingarmáti** sölukerfis er sá sendingarmáti sem fyrirtækið vill almennt nota, hvort sem það er prentun, tölvupóstur eða rafrænn reikningur. Sjálfgefinn sendingarmáti er stilltur í Stýriupplýsingum sölukerfis.
- **Séróskir viðskiptamanna.** Ef viðskiptamaður vill fá reikninga afhentan með öðrum leiðum en sjálfgefinn sendingarmáti segir til um (sjá a lið hér að ofan), eru séróskir viðskiptavinar skráðar á skuldunautaspjald hans. Opnið viðkomandi skuldunaut og skráið þann *sendingarmáta* sem hann óskar eftir, t.d. *Rafrænn reikn.* ef óskað er eftir rafrænum reikningi. Allir reikningar sem sendir eru á þann viðskiptamann fara þá sjálfkrafa með völdum sendingarmáta.
- **Séróskir fyrir stakan reikning.** Hægt er að velja sendingarmáta reiknings um leið og hann er útbúinn. Gildir þá sá sendingarmáti aðeins fyrir þann reikning og enga aðra.

Þegar reikningur er gefinn út (*Uppfærður*) í sölukerfi Stólpa er reikningur einnig sendur skv. stillingum. Kerfið athugar fyrst hvort skráður hafi verið séróskir á sölureikning (c liður), ef svo er ekki → þá hvort skuldunautur hafi séróskir (b liður), ef svo er ekki → þá hver sé sjálfgefinn sendingarmáti sölukerfis (a liður).


Stillingar sendingarmáta:		
Tegund	Prenta?	Sjálfgefin?
Enginn	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Prentun	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
PDF skrá	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
XML skrá	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Tölvupóstur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Mappan	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Rafrænn reikn.	<input type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
EDI	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>




### 2.3. Greiðslumáti reiknings

Yfirleitt eru sendir reikningar greiddir eftir á með millifærslu eða kröfu í banka. Móttakandi vill oft (ekki alltaf) sjá hvert kröfunúmerið er á bak við reikninginn eða inn á hvaða reikning skal millifæra. Til að þessar upplýsingar skili sér með sjálfkrafa með rafræna reikningnum í bókhaldskerfi móttakanda þarf að yfirfara alla virka greiðsluskilmála í Stólpa.

- Opna **alla virka** greiðsluskilmála:  
*Almennt > Greiðsluskilmálar*
- Ef greitt er með **kröfu** í banka:
  - Greiðslumáti: *Greiðsluseðill*
  - Haka við: Úthluta kröfunúmeri strax
- Ef greitt með **millifærslu**:
  - Greiðslumáti: *Millifærsla*
  - Skráið reikningsnúmerið í *Stýriupplýsingum sölukerfis*



Bankaupplýsingar:	
Banki:	
Höfuðbók:	
Reikn.nr.:	

### 2.4. Viðhengi

Á reikninginn er hægt að setja ótakmarkaðan fjölda viðhengja. Hægt er að setja inn PDF skjal, mynd eða veftengil eða önnur fylgigögn. Nauðsynlegt er að gæta að því hvar viðhengd skjöl eru vistuð og þeim ekki eytt eða færð úr stað eftir að reikningur hefur verið sendur. Gæta verður að því að þau viðhengið séu áfram tiltækt komi til þess að endursenda þurfi reikning rafrænt síðar meir.

Í Skýjaþjónustu Stólpa lögð mikil áhersla að gæta að rétttri uppsetningu í þeim efnum. Notendur Stólpa sem reka kerfið á eigin vélbúnaði eru hvattir til að huga að þessari uppsetningu.

Stólpi getur einnig sett reikninginn sjálfan sem PDF skrá í viðhengi með rafrænum reikningi. Þetta er stillt í stýriupplýsingum sölukerfis. Móttakandi getur þá bæði skoðað reikninginn rafrænt í bókhaldskerfi sínu og einnig skoðað PDF form reiknings sem er kostur þegar móttakandi eða útgefandi eru óöruggir með vinnslu rafrænna reikninga í byrjun.

Setja PDF skjal í viðhengi XML reikn.?

## 3. Tilvísanir og athugasemdir rafrænna reikninga


Einn of mörgum kostum rafrænna reikninga er hægt að setja mun fleiri tilvísanir en útprentaður/PDF reikningur sýnir. Þá er einnig hægt að skrá almennar athugasemdir með reikningi, athugasemd með vörulínu eða úttekeraðila.

### 3.1. Bókunartilvísun

Sumir móttakendur (ekki allir) gera kröfu um að rafrænn reikningurinn sé með bókunartilvísun til að einfalda rétta bókun hans í bókhaldi móttakanda, t.d. til að auðkenna mismunandi deildir, verkefni eða annað sem móttakandi óskar eftir.

Sé óskað eftir *bókunartilvísun* er hún skráð á viðkomandi skuldunaut og kemur tilvísunin þá sjálfkrafa á alla reikninga sem sendir eru á viðkomandi viðskiptamann.

Einnig er hægt að setja *bókunartilvísun* á stakan reikning, ef tilvísun er t.d. mismunandi á milli reikninga. Er þá farið í flipann [Annað] í sölunótunni og bókunartilvísun skráð í reitinn **Bókun**.



Leitarlykill:	Stólpi Viðskiptalausnir ehf.
Þjóðskrá:	Fletta í þjóðskrá... Afrita skuldunaut...
Greiðandi Athugasemdir Annað	
Almennar upplýsingar Fjárhagur	
Nafn:	Stólpi Viðskiptalausnir ehf.
Nafn 2:	Stólpi Viðskiptalausnir ehf.
Kennitala:	540409-0130
Heimilisfang:	Borgartúni 28
Staður:	105 Reykjavík
Sími 1:	512-4400
Sími 2:	
Fax:	
Tengiliður:	Stólpi
Netfang:	stolpi@stolpi.is
Vefslóð:	www.stolpi.is
Greiðsluskilmálar:	Borgist innan 10
Afhendingarskilmálar:	Skilmáli 1
Sendingarmati nótna:	Rafrænn reikn.
Afsláttarflokkur:	
Bókunarstýringar fyrir rafræna reikninga:	
GLN auðkenni:	
Bókunartilvísun:	123


Línur	Bifreið	Athugasemd	Krassblað	Annað
Nánari greiðsluskilmálar		Nánari tilvísanir		
#2:	Upphæð	Bókun:	Deild 54	GLN nr.: 1234
#3:		Reikningur:	Kreditnóta:	Tilboð:
#4:			Pöntun:	Samningur: Tengil./úttekt:
				Haraldur Þór Egil

Rafrænir reikningar bjóða upp á mun ítarlegri tilvísanir en gamli pappírsreikningurinn. Reikningar geta þannig haft tilvísun í annan reikning, kreditreikning, tilboð, pöntun eða samning eftir því sem við á og móttakandi fer fram á. Þetta gefur móttakanda að auka rekjanleika og yfirsýn yfir tilboð, pantanir eða samninga sem hann hefur gert.

### 3.2. Athugasemd með reikningi

Sölunóta > Athugasemd: Hér má skrá hvaða athugasemd sem er. Langa eða stutta.

Athugið að sölukerfi Stólpa hefur leyft notendum að skrá texta eða athugasemd í vörulínu reiknings. Slíkt gengur aðeins fyrir prentaða/PDF reikninga en ekki fyrir rafræna reikninga. Alþjóðlegur staðall um rafræna reikninga heimilar ekki slíkar textalínur og falla þær því út hjá móttakanda, enda trufla slíka textalínur bókun reiknings. Ráðlagt er því að skrá allar athugasemdir rafræns reiknings í framangreindan reit, en alls ekki í vörulínu.



### 3.3. Athugasemd með vörulínu

Með því að yfirskrifa vörulýsingu vörunúmers í nótulínu er notandi í raun að skrá athugasemd við vöruna. Hann er EKKI að breyta vörulýsingu vörunúmers. Þegar móttakandi reiknings skoðar reikninginn sér hann a) Vörunúmer sendanda, b) vörulýsingu vörunúmers og c) skráða athugasemd. Að auki sér hann magn, einingaverð, afslátt og heildarverð línu.

Það fer þó eftir stillingum á bókhaldskerfi móttakanda hvaða svæði hann er sér. Sumir móttakendur sjá t.d. ekki athugasemdir (c liðinn).

### 3.4. Tengiliður / úttektaraðili

Sölunóta > Annað > Úttekt: Í sölunótu er flipann **Annað** – sjá mynd. Þar er svæði til að skrá úttektaraðila. Í spjaldi skuldunautar er svæði sem heitir **Tengiliður**. Þegar reikningur er gerður á viðskiptavin kemur skráður tengiliður sjálfkrafa sem úttektaraðili. Hægt er að yfirskrifa nafnið í sölunótunni ef þörf er á að skrá mismunandi aðilar í hvert skipti. Ef þetta er yfirleitt sami aðilinn er hentugt að skrá nafnið sem **Tengilið** á spjaldi skuldunautar.

Nánari greiðsluskilmálar		Upphæð		Nánari tilvísanir			
#2:				Bókun:	Deild 54	GLN nr.:	1234
#3:				Reikningur:	Kreditnóta:	Tilboð:	Pöntun:
#4:							Samningur:
							Tengil./Úttekt:
							Haraldur Þór Egil:

## 4. Verðskrá rafrænna reikninga

*Fjárhæðir án vsk*

*Gildir frá 1.1.2016*

Uppsetning tengingar	12.500 kr.
Senda - aðgangur að skeytamiðlara	2.500 kr./mán.
Senda og móttaka – aðgangur að skeytamiðlara	5.000 kr./mán.
Senda eða móttaka rafrænan reikning	38 kr./reikn.
Senda eða móttaka viðhengi með reikningi	38 k.r/viðh.

**Þjónustuborð Stólpa veitir allar nánari upplýsingar**

**512-4400 / stolpi@stolpi.is**